

## Svar

### Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um nefndir, starfshópa, faghópa og ráð á vegum ráðuneytisins.

1. *Hvaða nefndir, starfshópar, faghópar, ráð og áþekkir hópar starfa á vegum ráðuneytisins? Meðlimir hvaða hópa fá greidd laun fyrir vinnu sína?*

Á málefnasviði ráðuneytisins eru nítján lögbundnar nefndir og ráð, tvær lögbundnar úrskurðarnefndir og fimm lögbundnar stjórnir.

Í töflunni hér á eftir eru upplýsingar um hverjum ráðuneytið greiddi fasta þóknun fyrir vinnu sína 1. mars sl. Um er að ræða tólf lögbundnar nefndir og ráð, eina stjórn og eina úrskurðarnefnd. Þá er einnig greint frá kostnaði við úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála en sú nefnd fær ekki greidda fasta þóknun heldur tímagjald samkvæmt tímaskýrslu. Í eftirtöldum nefndum starfa alls 89 nefndarmenn og af þeim fá 28 nefndarmenn greidda fasta þóknun. Í svarinu er ekki greint frá ólaunuðum hópum eða hópum þar sem laun eru greidd af öðrum en ráðuneytinu.

Þá er ekki greint frá tímabundnum starfshópum ráðherra þar sem ekki er um launað starf að ræða, en í einhverjum tilvikum er greitt fyrir sérfræðipækkingu samkvæmt samningi þar um. Nýlegar upplýsingar um ráðgjöf og störf við tímabundin eða afmörkuð verkefni og greiðslur vegna þeirra má finna í svári ráðherra við fyrirspurn á þskj. 244 (93. mál).

Heiti nefndar	Fá greitt
Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga	Þórir Ólafsson Gerður Guðjónsdóttir Oddur Gunnar Jónsson
Reikningsskila- og upplýsinganefnd	Sigrún Guðmundsdóttir Ágúst Kristinsson
Mönnunarnefnd skipa	Lilja Jónasdóttir
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar	Guðmundur Björnsson Steinþór Einarsson Kristinn Halldórsson Guðlaugur H. Sigurjónsson Einar Jón Pálsson
Undanþágunefnd frá atvinnuréttindum vélstjóra og skipstjórnarmanna	Lilja Jónasdóttir
Byggðamálaráð	Ágúst Bjarni Garðarsson Ingveldur Ása Konráðsdóttir
Starfshópur um mótun stefnu í málefnum sveitarfélaga	Valgarður Hilmarsson Sóley Björk Stefánsdóttir
Fagrád um umferðarmál	Ísólfur Gylfi Pálmason
Fagrád um flugmál	Ingvar Mar Jónsson

Heiti nefndar	Fá greitt
Siglingaráð	Halldór Ármannsson
Samgönguráð	Pórunn Egilsdóttir
	Gissur Jónsson
Fjarskiptaráð	Jón Björn Hákonarson
Stjórn Fjarskiptasjóðs	Páll Jóhann Pálsson
	Haraldur Benediktsson
	Margrét Gauja Magnúsdóttir
Yfirfasteignamatsnefnd	Ásgeir Jónsson
	Hulda Árnadóttir
	Björn Jóhannesson
Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála	Pórður Bogason
	Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir
	Kirstín Þ. Flygenring

### 2. Hversu mikill kostnaður hlaust af starfsemi ofangreindra hópa árið 2018?

Heildarkostnaður við starfsemi nefnda og ráða sem hljóta fasta þóknun, auk kostnaður við úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála nam um 26,4 millj. kr. á árinu 2018. Nánari sundurliðun má sjá í töflunni.

Heiti nefndar	Kostnaður, kr.
Byggðamálaráð	429.417
Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	3.580.470
Reikningsskila- og upplýsinganefnd	1.641.609
Samgönguráð	1.952.200
Fagråd um flugmál	1.505.798
Mönnunarnefnd skipa	488.857
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar	3.699.646
Fagråd um umferðarmál	801.810
Undanþágunefnd frá atvinnuréttindum vélstjóra og skipstjórnarmanna	488.857
Úrskurðarnefnd póst- og fjarskiptamála (tímagjald en ekki föst þóknun)	3.572.516
Yfirfasteignamatsnefnd (úrskurðarnefnd)	4.958.451
Stjórn Fjarskiptasjóðs	3.325.995
<b>Samtals kostnaður árið 2018</b>	<b>26.445.626</b>

### 3. Hyggst ráðherra stuðla að einfaldara og ódýrara stjórnkerfi með því að fækka launuðum nefndum, starfhópum, faghópum, ráðum og áþekktum hópum á vegum ráðuneytisins?

Fylgst er með árangri af störfum launaðra nefnda og ráða og reglulega farið yfir hvort þörf sé á breytingum. Öðru hvoru hafa verið gerðar breytingar á nefndum og ráðum og eru nokkur dæmi um að nefndir hafi verið sameinaðar, nefndir hafa verið lagðar niður og nýjar settar á laggirnar. Leiðarljósið er ávallt að tryggja fagmennsku, árangur og góða nýtingu á fjármunum ríkisins.